

### 3. fundur 2011 10. mars, allir aðalmenn mættu.

1. Bréf frá Innanríkisráðuneytinu varðandi boðun hreppsnefndarfunda lagt fram. Sveitarstjórn bendir á að fundargerðir hreppsins/sveitastjórnar liggja fyrir á hreppsskrifstofu. Um leið og heimasíða hreppsins verður komin upp sem verður á allra næstu dögum verða helstu upplýsingar settar þar fram.
2. Erindi frá HS-orku varðandi orkukaup. Málið verður skoðað. Stefnt að útboði að raforkukaupum.
3. Bréf frá Fönix þar sem félagið fer fram á gístiaðstöðu fyrir nokkra einstaklinga næstkomandi vor. Tekið vel í málið og fá þeir gistingu að Breiðabliki. Hrefna gengur frá málinu.
4. Drög að þjónustusamningi um málefni fatlaðra. Málið kynnt og málin skoðuð áfram.
5. Svæðisgarðar. Málið kynnt og fylgst með því áfram.
6. Laugargerðisskóli. Kristín Björk Guðmundsdóttir, Sigrún Ólafsdóttir og Eggert Kjartansson mæta á fundinn.

Sigrún lagði fram óskoðaða reikninga skólans fyrir árið 2010 og fór yfir einstaka liði.

Kristín Björk kynnti niðurstöður foreldrakönnunar og ræddi í kjölfarið gæði skólastarfsins og hvernig það er metið. Skólamál voru rædd fram og til baka. Það veitti sveitarstjórnarmönnum betri innsýn í skólastarfið.

Fundargerð síðasta fundar skóla- og fræðslunefndar 23. feb 2011 lögð fram.

(Kristín Björk Guðmundsdóttir, Sigrún Ólafsdóttir og Eggert Kjartansson staðfestu þennan lið og viku af fundi.)

7. Samþykkt var að veita Hitaveitu Eyja- og Miklaholtshrepps lán allt að 2,8 millj. króna vegna hitastigulsborana.
8. Ýmis mál lögð fram og rædd.